

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B11-16

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Rit B17-21 árið 2003 inniheldur endurprentaðar bls. 165-166.

Inniheldur nýjar bls. 461-462 og 553-554 í A-deild 2002.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 11-16

Nr. 58-81

2003

Efnisyfirlit B 11–16 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
58	27. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 394, 3. júní 2002, um loðnuveiðar íslenskra skipa 2002/2003	137
59	28. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 19/2001 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum, beingreiðslur, uppkaupaálag og jöfnunargreiðslur 2001-2007	138
60	27. jan.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Stykkishólms	139
61	27. jan.	Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur	139-141
62	28. jan.	Auglýsing um skrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að viðhöfðu samráði við öll hlutaðeigandi stéttarfélag starfsmanna	142
63	28. jan.	Auglýsing um skrár Reykjavíkurborgar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	143-147
64	31. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 12/2002 um útrýmingu fjárkláða í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum	147-149
65	31. jan.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, nr. 155/1995, sbr. reglugerð nr. 308/2000 og nr. 67/2002	150
66	28. jan.	Gjaldskrá fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík	151-155
67	4. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 447, 30. júní 1999, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndarinnar (NEAFC)	156-161
68	5. feb.	Reglugerð um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Sléttugrunni	161-162
69	4. feb.	Reglugerð um veiðar úr úthafskarfastofnum 2003	162-166
70	24. jan.	Reglur um breytingar á reglum fyrir Kennaraháskóla Íslands nr. 843/2001	167-169
71	24. jan.	Auglýsing um breyting á aðalnámskrá framhaldsskóla	169-170
72	15. jan.	Gjaldskrá um sorphirðu fyrir Húsavíkurbæ árið 2003	171
73	24. jan.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Ölfusi árið 2003	171-172
74	23. jan.	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi	172
75	28. jan.	Auglýsing um deiliskipulag á Akureyri	172-173
76	21. jan.	Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 5/2003 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur lögðila vegna álagningar opinberra gjalda 2002	173
77	23. jan.	Reglugerð um innheimtu jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2003	173-174
78	24. jan.	Auglýsing um deiliskipulag í landi Álftártungu, Borgarbyggð	174
79	15. jan.	Gjaldskrá fyrir losun á seyru úr rotþróum í Húsavíkurbæ	175
80	6. feb.	Auglýsing um deiliskipulag í Bessastaðahreppi	175
81	24. jan.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi fyrir árið 2003	176

STJÓRNARTÍÐINDI A 28 – 2002

18. desember 2002

553

Nr. 170

FJÁRLÖG

fyrir árið 2003.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

A-hluti

Rekstraryfirlit ríkissjóðs

I. gr.

Árið 2003 er áætlað að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein, sbr. sundurliðun 1 og 2.

m.kr.	Rekstrar- grunnur	Sjóðs- hreyfingar
Skatttekjur	237.001,4	228.836,0
Skattar á tekjur einstaklinga	69.140,0	66.596,0
Skattar á tekjur lögaðila	8.250,0	6.930,0
Tryggingagjöld	27.744,1	26.954,6
Eignarskattar	7.954,0	7.855,0
Virðisaukaskattur	79.700,0	76.512,0
Aðrir skattar á vörur og þjónustu.....	40.332,6	40.255,7
Skattar ótaldir annars staðar	3.880,7	3.732,7
Aðrar rekstrartekjur	22.409,1	17.654,5
Arðgreiðslur	2.537,0	2.537,0
Vaxtatekjur og eignatekjur	13.523,0	8.834,0
Rekstrartekjur ótaldar annars staðar	6.349,1	6.283,5
Sala eigna.....	10.340,0	10.340,0
Fjárframlög	1.849,5	1.849,5
Tekjur samtals	271.600,0	258.680,0
Æðsta stjórn ríkisins	2.298,5	2.298,5
Forsætisráðuneyti.....	1.031,1	1.031,1
Menntamálaráðuneyti	31.270,9	31.270,9
Utánríkisráðuneyti	5.292,4	5.292,4
Landbúnaðarráðuneyti	11.465,1	11.465,1
Sjávarútvegsráðuneyti.....	2.932,6	2.932,6
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	14.367,1	14.367,1
Félagsmálaráðuneyti	21.557,8	21.557,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.....	100.741,5	100.741,5
Fjármálaráðuneyti	27.653,3	22.141,3
Samgönguráðuneyti	17.568,6	17.688,7
Iðnaðarráðuneyti	3.205,1	3.205,1
Viðskiptaráðuneyti.....	1.446,2	1.446,2
Hagstofa Íslands.....	539,2	539,2
Umhverfisráðuneyti	3.272,7	3.272,7
Vaxtagjöld ríkissjóðs	15.500,0	15.600,0
Gjöld samtals	260.142,1	254.850,2
Tekjujöfnuður	11.457,9	

A 36

Endurprentað blað.

A-hluti

Sjóðstreymi ríkissjóðs

2. gr.

Árið 2003 er áætlað að sjóðstreymi ríkissjóðs verði eins og tilgreint er í þessari grein.

m.kr.

Rekstrarhreyfingar

Tekjujöfnuður	11.457,9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	-13.267,0
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:	
Viðskiptakröfur, (breyting)	-4.041,0
Viðskiptaskuldir, (breyting)	-120,1
Handbært fé frá rekstri	-5.970,2

Fjármunahreyfingar

Veitt stutt lán	15.200,0
Veitt löng lán	-5.890,0
Afborganir veittra lána	8.900,0
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.062,0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	12.670,0
Fjármunahreyfingar samtals	29.818,0
Hreinn lánsfjárjöfnuður	23.847,8

Fjármögnun

Skammtímalán	0,0
Tekin löng lán	17.500,0
Afborganir lána	-31.100,0
Fjármögnun samtals	-13.600,0
Framlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins	7.500,0
Breyting á handbæru fé	2.747,8

LÖG

um félagamerki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Félög eða samtök geta öðlast einkarétt fyrir félagsmenn sína til að nota í atvinnustarfsemi sameiginlegt auðkenni fyrir vörur eða þjónustu.

Stjórnvöld, stofnanir, félög eða samtök, sem hafa eftirlit með eða ákveða staðla fyrir vörur eða þjónustu, geta öðlast einkarétt til að nota eða heimila notkun auðkennis fyrir þær vörur eða þjónustu sem eftirlitið eða staðlarnir taka til.

Auðkenni þau sem lög þessi taka til nefnast félagamerki.

2. gr.

Að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum laga þessara gilda ákvæði laga um vörumerki, nr. 45/1997, um félagamerki eftir því sem við á.

3. gr.

Auðkenni eða upplýsingar, sem í viðskiptum gefa til kynna landfræðilegan uppruna vöru eða þjónustu, geta talist félagamerki þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 13. gr. laga um vörumerki. Slíkt merki veitir eiganda þess ekki rétt til að banna þriðja aðila að nota auðkennið eða upplýsingarnar í atvinnustarfsemi svo framarlega sem notkunin er í samræmi við góða viðskiptahætti.

4. gr.

Félagamerki eru skráð í vörumerkjaskrá.

Umsókn um skráningu félagamerkis skal skila skriflega til Einkaleyfastofunnar sem annast skráningu félagamerkja. Umsókn skal fylgja tilskilið gjald.

Í umsókn skal tilgreina hvert merkið er, með mynd ef við á, og fyrir hvaða vöru eða þjónustu merkið óskast skráð. Einnig skal greina frá nafni eða heiti umsækjanda. Umsókn skal enn fremur vera í samræmi við reglugerðarákvæði um vörumerki eftir því sem við á. Reglur, sem gilda um notkun merkisins, skulu fylgja umsókn.

Í reglum þeim sem gilda um notkun merkisins skal m.a. koma fram:

- hverjum sé heimilt að nota merkið og hvaða skilyrði séu fyrir slíkri heimild,
- hvaða afleiðingar óréttmæt notkun merkisins hefur í för með sér og
- hvaða réttindi og skyldur eigandi merkisins hefur gagnvart þeim sem notar merkið á óheimilan hátt.

5. gr.

Verði breytingar á reglum um notkun merkisins skal eigandi tilkynna breytingarnar til Einkaleyfastofunnar eigi síðar en þremur mánuðum eftir að breytingarnar voru samþykktar.

6. gr.

Ákvæði 25. gr. laga um vörumerki gilda um notkunarskyldu félagamerkis.

Notkun félagamerkis af hálfu eins eða fleiri aðila, sem hafa heimild til að nota merkið, telst til notkunar í skilningi 1. mgr. 25. gr. laga um vörumerki.

7. gr.

Mál vegna brota gegn félagamerki getur aðeins sá höfðað sem er eigandi merkisins. Sá sem brýtur gegn félagamerki og er skaðabótaskyldur samkvæmt lögum um vörumerki skal bæta það tjón sem eigandi merkis, eða sá sem hefur rétt til að nota það, verður fyrir.

8. gr.

Endanlegum ákvörðunum Einkaleyfastofunnar samkvæmt lögum þessum geta aðilar máls áfrýjað til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Áfrýjun skal berast iðnaðaráðuneyti innan tveggja mánaða frá þeim degi er ákvörðun var tekin. Innan sama frests skal greiða ráðuneytinu tilskilið áfrýjunargjald. Sé áfrýjunargjald ekki greitt innan frestsins skal vísa áfrýjun frá.

Úrskurðir áfrýjunarnefndar verða ekki bornir undir annað stjórnvald.

Ef aðilar máls óska að bera ákvörðun Einkaleyfastofunnar eða úrskurð áfrýjunarnefndar undir dómstóla ber þeim að höfða mál innan þriggja mánaða frá þeim degi sem Einkaleyfastofan tók ákvörðun sína eða áfrýjunarnefnd úrskurðaði í málinu.

9. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja nánari reglur, m.a. um frágang umsókna og meðferð þeirra hjá Einkaleyfastofunni, um form skrárinnar og færslu, útgáfu skráningarskírteina og efni þeirra og meðferð andmælamála, svo og um gjöld fyrir umsóknir, endurnýjanir, afgreiðslur, endurrit, áfrýjanir o.fl.

Gjöld skulu standa straum af kostnaði við rekstur Einkaleyfastofunnar vegna málefna sem tengjast félagamerkjum og við þjónustu sem veitt er, m.a. í tengslum við umsóknir og skráningu félagamerkja, útskriftir úr skrá, afgreiðslur og endurrit.

10. gr.

Sá sem af ásetningi brýtur gegn félagamerkjarétti skal sæta sektum. Eftir atvikum getur refsing verið fangelsi í allt að þrjá mánuði.

Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðila framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðilanum sekt, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur hagnast á brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hjá lögaðilanum.

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 – 2003

27. janúar 2003

137

Nr. 58

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 394, 3. júní 2002,
um loðnuveiðar íslenskra skipa 2002/2003.

1. gr.

Í stað: „410.022 lestir“ í 2. mgr. 2. gr. komi: 660.022 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. janúar 2003.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 – 2003

Nr. 59

138

28. janúar 2003

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 19/2001
um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum, beingreiðslur, uppkaupaálag
og jöfnunargreiðslur 2001-2007.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar breytist og verður svohljóðandi:
Heimilt er að flytja greiðslumark milli lögbýla. Aðilaskipti að greiðslumarki taka þó ekki gildi fyrr en staðfesting Bændasamtaka Íslands liggur fyrir.

2. gr.

9. gr. reglugerðarinnar breytist og verður svohljóðandi:
Beingreiðslur greiðast með tíu jöfnum mánaðarlegum greiðslum 1. hvers mánaðar frá janúar til október ár hvert, þó þannig að greiðsla fyrir janúar fer fram 1. febrúar ásamt greiðslu fyrir þann mánuð. Verðbætur, sbr. 22. gr. greiðast með októbergreiðslu.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 23. gr. reglugerðarinnar:
Í stað 42. gr. kemur: 49. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. janúar 2003.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

AUGLYSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Stykkishólms.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 og reglugerð nr. 869/1999, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Stykkishólms, nr. 261, 21. mars 2001, með áorðnum breytingum, er taki gildi 1. febrúar 2003:

Gjaldskrá Hitaveitu Stykkishólms, nr. 261, 21. mars 2001, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

2. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er kr. 101,50 fyrir hvern rúmmetra vatns.

3. gr.

Greiða skal mánaðarlegt fastagjald:

- a) Af íbúðarhúsnæði kr. 455.
- b) Af öðru húsnæði kr. 2.236.

Iðnaðarráðuneytinu, 27. janúar 2003.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

GJALDSKRÁ

Orkuveitu Húsavíkur.

B-hluti.

6. gr.

Almennt (sjá A-hluta).

7. gr.

Sérgjöld rafveitu.

7.1 Almenn orkunotkun.

A.1 Almenn notkun:

Orkugjald	7,99	kr./kWh
Fast gjald	4.965	kr./ár

7.2 Afl- og orkunotkun.

B.1 Afl- og orkumæling:

Orkugjald	3,31	kr./kWh
Aflgjald	12.277	kr./kW/ár
Fast gjald	51.599	kr./ár

7.3 Notkun til báta.

C.1 Bátarafmagn:		
Orkugjald	7,06	kr./kWh
Fast gjald	10.194	kr./ár

7.4 Heimtaugagjöld.

E.1 Heimtaugar:		
1X25A	15.732	kr.
3X63A	88.240	kr.
3X100A	135.790	kr.
3X200A	279.151	kr.
3X315A	437.652	kr.
Bráðabirgðaheimtaugar (\leq 3X63A)	11.827	kr.
Vinnurafmagn (\leq 3 dagar, \leq 3X63A)	5.931	kr.
Ljósastaurar	5.714	kr./ár

8. gr.

Sérgjöld hitaveitu.

8.1 Notkun á heitu vatni.

Almenn notkun:		
Vatnsgjald	67,93	kr./m ³
Fast gjald á ári	6.772	kr./ár

8.2 Heimæðagjöld.

Þvermál inntaks:		
20-32 mm	109.058	kr.
40-50 mm	151.470	kr.
63 mm	193.881	kr.

9. gr.

Önnur gjöld, sameiginleg.

9.1 Álestrargjald.

Fyrir aukaálestur	764	kr.
-------------------	-----	-----

9.2 Innheimtugjald

Innheimtugjald vegna vanskila	1.035	kr.
-------------------------------	-------	-----

9.3 Lokunargjald

Lokunargjald vegna vanskila	2.523	kr.
-----------------------------	-------	-----

Vanti ídráttarrör eða að ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 4.846 kr./m vegna skurð-graftar. Ef frost er í jörðu bætist við 1.453 kr./m.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

Skammstafanir:

Tákn	Eining	Skýring
A	amper	straumur
kW	kílóvatt	afl
kWh	kílóvattstund	orka

10. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, B-hluti staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. febrúar 2003 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur, B-hluti, nr. 258/2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 27. janúar 2003.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Guðjón Axel Guðjónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 – 2003

Nr. 62

142

28. janúar 2003

AUGLÝSING

um skrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, að viðhöfðu samráði við öll hlutaðeigandi stéttarfélög starfsmanna.

Yfirstjórn:

Slökkviliðsstjóri og staðgenglar hans:

- slökkviliðsstjóri (1 stg.)
- aðstoðarslökkviliðsstjóri (1 stg.)
- framkvæmdastjóri útkallsdeildar (1 stg.)
- framkvæmdastjóri fjármáladeildar (1 stg.)
- framkvæmdastjóri forvarnadeildar (1 stg.)

Útkallsdeild:

Fjórar vaktir að fullu samkvæmt varðskrá (vaktir A, B, C, D). Hverja vakt skipa:

- stöðvarstjórar (5 stg.)
- slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn (17 stg.)

Verkstæði og lager:

- sviðstjóri tækjamála (1 stg.)
- umsjónarmaður reykköfunartækja (1 stg.)

Skrifstofa:

- launadeild, launavinnsla (1 stg.)

Tölvu- og þjónustuver:

- sviðsstjóri tæknimála (1 stg.)

Reykjavík, 28. janúar 2003.

Í umboði Hrólfs Jónssonar slökkviliðsstjóra,

Birgir Finnsson.

AUGLÝSING

um skrár Reykjavíkurborgar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Lagt fyrir borgarráð 28. janúar 2003 til samþykktar að viðhöfðu samráði við öll hlutað-eigandi stéttarfélög starfsmanna.

I. Listi yfir þau störf sem falla undir 6.-7. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Yfirstjórn:

borgarstjóri
borgarritari
sviðsstjóri fjölskyldu- og þróunarsviðs
sviðsstjóri skipulags- og byggingasviðs
sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs
borgarlögmaður
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Fjölskyldu- og þróunarsvið:

borgarbókavörður
borgarminjavörður
borgarskjalavörður
forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur
forstöðumaður Ljósmyndasafns Reykjavíkurborgar
forstöðumaður Gerðubergs
forstöðumaður Miðgarðs
menningarmálastjóri

Félagsþjónusta

félagsmálastjóri
forstöðumaður lögfræðisviðs Félagsþjónustu
forstöðumaður borgarhlutaskrifstofu I, Skúlagötu
forstöðumaður borgarhlutaskrifstofu II, Suðurlandsbraut
forstöðumaður borgarhlutaskrifstofu III, Álfabakka
forstöðumaður Vesturgarðs, Hjarðarhaga
forstöðumaður félags- og þjónustumiðstöðvar, Aflagranda
forstöðumaður félags- og þjónustumiðstöðvar, Vesturgötu
forstöðumaður félags- og þjónustumiðstöðvar, Hvassaleiti
forstöðumaður félags- og þjónustumiðstöðvar, Bólstaðarhlíð
forstöðumaður félags- og þjónustumiðstöðvar, Árskógum
forstöðumaður félags- og þjónustumiðstöðvar, Hraunbæ
forstöðumaður félagsmiðstöðvar og íbúða aldraðra, Norðurbrún
forstöðumaður félagsmiðstöðvar og íbúða aldraðra, Lönguhlíð
forstöðumaður félagsmiðstöðvar og íbúða aldraðra, Furugerði
forstöðumaður framreiðslueldhúss, Lindargötu
framkvæmdastjóri skrifstofu barnaverndar Félagsþjónustu
framkvæmdastjóri fjármálasviðs Félagsþjónustunnar
framkvæmdastjóri ráðgjafasviðs Félagsþjónustu
framkvæmdastjóri þjónustusviðs Félagsþjónustu
framkvæmdastjóri þróunarsviðs Félagsþjónustu
starfsmannastjóri Félagsþjónustu

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

forstöðumaður fjármálasviðs Fræðslumiðstöðvar

forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur
 forstöðumaður þjónustusviðs Fræðslumiðstöðvar
 forstöðumaður þróunarsviðs Fræðslumiðstöðvar
 fræðslustjóri
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Austurbæjarskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Álftamýrarskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Árbæjarskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Ártúnsskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Borgarskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Breiðagerðisskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Breiðholtsskóla
 skólastjóri Dalbrautar skóla
 skólastjóri Einholtsskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Engjaskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Fellaskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Foldaskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Fossvogsskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Grandaskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Hagaskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Hamraskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Háteigsskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Hlíðaskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Hlíðarhúsaskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Hólabrekkuskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Húsaskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Hvassaleitisskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Ingunnarskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Klébergsskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Korpuskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Langholtsskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Laugalækjarskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Laugarnesskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Melaskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Réttarholtsskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Rimaskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Safamýrarskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Selásskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Seljaskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Vesturbæjarskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Vesturhlíðarskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Víkurskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Vogaskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Ölduselsskóla
 skólastjóri og aðstoðarskólastjóri Öskjuhlíðarskóla
 starfsmannastjóri Fræðslumiðstöðvar

Íþrótt- og tómstundaráð

framkvæmdastjóri íþrótt- og tómstundaráðs
 aðstoðarframkvæmdastjóri íþrótt- og tómstundaráðs
 starfsmannastjóri ÍTR

Leikskólar Reykjavíkur

forstöðumaður fagsviðs Leikskóla Reykjavíkur
 forstöðumaður fjármála- og rekstrardeildar Leikskóla Reykjavíkur
 framkvæmdastjóri Leikskóla Reykjavíkur
 starfsmannastjóri Leikskóla Reykjavíkur
 starfsmenn launadeilda

(19,2 stg.)

Skipulags- og byggingasvið:

byggingafulltrúi	
skipulagsfulltrúi	
starfsmenn launaeilda	(1 stg.)

Stjórnsýslu- og fjármálasvið:

borgarbókari	
fjármálastjóri	
forstöðumaður kjarapróunardeildar	
forstöðumaður rekstrar- og þjónustuskrifstofu Ráðhússins	
forstöðumaður upplýsingatæknideildar	
skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara	
skrifstofustjóri rekstrar- og þjónustuskrifstofu Ráðhússins	
starfsmenn launaeilda	(1 stg.)
samninganefnd Reykjavíkurborgar	

Umhverfis- og tæknisvið:

forstöðumaður fasteignastofu	
gatnamálastjóri	
forstöðumaður umhverfis- og heilbrigðisstofu	
forstöðumaður verkfræðistofu	
starfsmenn launaeilda	(2 stg.)

Fyrirtæki:

forstjóri Innkaupastofnunar	
hafnarstjóri	
forstöðumaður fjármála og stjórnunar, Reykjavíkurborg	
starfsmenn launaeilda	(1 stg.)

II. Listi yfir þau störf sem falla undir 5. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjara-samninga opinberra starfsmanna.**Fjölskyldu- og þróunarsvið:****Félagsþjónusta***Hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir, Snorrabraut:*

forstöðumaður	(1 stg.)
forstöðumaður mótuneytis	(1 stg.)
fulltrúi (símavarsla)	(1,5 stg.)

Hjúkrunardeildir I og II:

hjúkrunarfræðingar	(7,2 stg.)
sjúkraliðar	(7,2 stg.)

Hjúkrunar- og vistheimili aldraðra, Seljahlíð, Hjallaseli:

forstöðumaður	(1 stg.)
forstöðumaður mótuneytis	(1 stg.)
fulltrúar (símavarsla)	(2 stg.)

Hjúkrunardeild:

hjúkrunarfræðingar	(3,8 stg.)
sjúkraliðar	(5,6 stg.)

Vistdeild:

hjúkrunarfræðingar	(3,8 stg.)
sjúkraliðar	(3,5 stg.)

Þjónustuíbúðir aldraðra, Dalbraut 21-27:

forstöðumaður	(1 stg.)
forstöðumaður mótuneytis	(1 stg.)

<i>Vistheimili barna, Laugarásvegi:</i>	
forstöðumaður	(1 stg.)
leikskólakennari	(3,5 stg.)
meðferðarfulltrúi	(3 stg.)
<i>Skammtímavistheimili barna, Álfalandi:</i>	
forstöðumaður	(1 stg.)
<i>Félags- og þjónustumiðstöð, Lindargötu:</i>	
forstöðumaður	(1 stg.)
öryggisverðir	(4 stg.)
<i>Dagdeild fyrir Alzheimer:</i>	
hjúkrunarfræðingar	(1,6 stg.)
<i>Skrifstofa barnaverndar, Skipholti:</i>	
ráðgjafar	(4 stg.)
<i>Búsetuþjónusta geðfatlaðra, Miklubraut:</i>	
forstöðumaður	(1 stg.)
<i>Búseta fatlaðra, Skúlagötu og Einarsnesi:</i>	
<i>Skúlagata:</i>	
liðsmenn	(6 stg.)
<i>Einarsnes:</i>	
liðsmenn	(3 stg.)
Íþrótt- og tómstundaráð	
<i>Eignavarsla:</i>	
íþróttfulltrúi	
forstöðumaður eignamála	
<i>Húsdýragarður:</i>	
dýrahirðir	(2)
Árbæjarsafn	
ráðsmaður	
Viðey	
ráðsmaður	
Stjórnsýslu- og fjármálasvið:	
<i>Ráðhús Reykjavíkur:</i>	
aðstoðarmaður borgarstjóra	
bílstjóri	
ritari borgarstjóra	(1)
fulltrúi síma- og upplýsingaþjónustu	(1)
umsjónarmaður Ráðhússins	
öryggisvörður	(4)
deildarstjóri tölvuþjónustu	
umsjónarmaður tölvukerfa	
kerfisfræðingur víðnets	
Skrifstofa borgarstjórnar	
ritari skrifstofu borgarstjórnar	(1)
bílstjóri	

Umhverfis- og tæknisvið:**Bilastæðasjóður**

umsjónarmaður umferðarljósa

Gatnamálastofa

yfirkvæðingur rekstrardeildar gatnamálastjóra

Korpúfsstaðir

umsjón fasteigna

Skrifstofa borgarverkfræðings

starfsmannastjóri

umsjón fasteigna

starfsmenn launadeildar

umsjónarmaður fasteigna

Tölvudeild

deildarstjóri tölvudeildar

Fyrirtæki:**Reykjavíkurbörn**

yfirhafnsögumaður

skipaþjónustumenn, ein dagvakt nóvember – apríl (4)

varðstjóri

skipstjóri hafnsögubáta

bryggjuvörður/háseti (2)

umsjón fasteigna

*Borgarstjórnin í Reykjavík, 28. janúar 2003.***Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.****REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 12/2002 um útrýmingu fjárkláða í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum.**

1. gr.

Í stað núverandi 1.-4. gr. komi eftirfarandi greinar:

1. gr.

Gildissvið.

Ákvæði reglugerðar þessarar ná til sauðfjár og stórgripa (nautgripa og hrossa) auk húsa fyrir búfé á svæði sem afmarkast af Miðfjarðarlínu í vestri og Blöndu í austri að Vatnsnes-hólfi undanskildu. Reglugerðin nær einnig til búfjár og útihúsa í Fitjárdal, vestan Miðfjarðarlínu og á bæjunum Efri- og Neðri-Torfustöðum í Miðfirði. Í Skagafjarðarsýslu gildir reglugerðin um alla bæi í Gönguskörðum, Laxárdal, Reykjaströnd, Hegrnesi og Vallhólma.

Ákvæði reglugerðarinnar ná einnig til búfjár og húsa á svæðinu austan Blöndu í Bólstað-arhlíðarhreppi og í Blönduós bæ.

Hafi fé sem talið er upp í 1. og 2. mgr. verið látið til lífs, til svæða þar sem ekki verður meðhöndlað, ná ákvæði reglugerðarinnar einnig til þess. Sama á við um búfé sem eigendur utan svæðisins hafa tekið heim úr réttum frá einstökum bæjum á svæðinu.

Sömu ákvæði gilda fyrir sauðfé og geitfé og þar sem fé er nefnt í reglugerð þessari er átt við sauðfé og geitfé.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðarinnar er að útrýma fjárkláða á svæðinu sem getið er um í 1. og 2. mgr. 1. gr. Aðgerðin skal fara fram á tímabilinu 1. febrúar til 15. mars 2003.

3. gr.

Meðhöndlun eftir svæðum.

Á svæðinu sem getið er um í 1. mgr. 1. gr. skal meðhöndla í tvö skipti með kláðalyfi allt fé og alla stórgripi sem hýstir eru með fé á fyrrgreindu svæði, en úða skal fjárhús og búnað einu sinni með mauraeitri, að lokinni seinni sprautun.

Á svæðinu sem getið er um í 2. mgr. 1. gr. skal gilda eftirfarandi: Á bæjum þar sem fjárkláði hefur greinst á síðastliðnum 10 árum eða sterkar líkur eru á því að hann leynist, skal meðhöndla féð tvisvar, en aðeins einu sinni á öðrum bæjum á þessu svæði, sbr. aðgerðir gegn fjárkláða á árinu 2002. Úða skal fjárhús og búnað einu sinni með mauraeitri að lokinni sprautun.

4. gr.

Yfirstjórn.

Yfirdýralæknir annast yfirumsjón með aðgerð til útrýmingar fjárkláðans í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Dýralæknir sauðfjár- og nautgripasjúkdóma, héraðsdýralæknar, dýralæknar, ráðunautar búnaðarsambanda, búfjárefartilitsmenn og bændur skulu aðstoða við eftirlit með framkvæmdinni. Halda skal samráðsfundi eftir þörfum.

Dýralæknar ásamt og undir umsjón viðkomandi héraðsdýralæknis skulu annast alla meðhöndlun dýra vegna aðgerðanna.

2. gr.

Eftirfarandi nýjar greinar koma í stað núverandi 5. og 6. gr:

5. gr.

Skyldur fjáreigenda og sveitarfélaga.

Sérstakar eftirleitir afrétta og eyðingarða, á landi og/eða úr lofti, skulu framkvæmdar á vegum viðkomandi sveitarstjórna, áður en meðhöndlun hefst á viðkomandi svæði, telji sveitarstjórn þörf á því, til að tryggja að allt fé sem ekki hefur náðst hafi þá verið handsamað.

Fjáreigendum er skylt að hreinsmala sín heimalönd og halda fé sínu á húsi eða heima við og hafa það tiltækt á ofangreindu tímabili. Þeir skulu gæta þess að halda fé sínu einangruðu frá fé annarra bæja á meðan á aðgerðum stendur, vegna hættu á endursmitun.

Fjáreigendur skulu vísa öllu sínu fé fram til meðhöndlunar. Þeir skulu rýja féð fyrir meðhöndlun þar sem það er unnt, en snyrta féð þar sem rúningi verður ekki við komið, svo að ekki komi til þess að tvíreyfum sé vísað fram. Fjáreigendur skulu sjá um grófhreinsun fjárhúsa skv. nánari fyrirmælum yfirdýralæknis. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að grófhreinsun sé lokið fyrir meðhöndlun og skipuleggur aðstoð þar sem hennar er þörf. Hreinsun fjárhúsa með mauraeitri skal framkvæmd af sérstökum mönnum sem sveitarstjórnir ráða til verksins.

Stjórnvöld leggja til kláðalyf og mauraeitur.

6. gr.

Framkvæmd.

Míðað skal við að aðgerðir fari fram á sem skemmstum tíma í hverju sveitarfélagi. Það fé sem skal meðhöndla tvisvar, skal sprautað með 7 til 21 daga millibili.

Stórgripir sem eru með fé á húsi geta borið lifandi maura í 30 daga og því skal aðskilja stórgripina frá fénu. Sé þess ekki kostur skal meðhöndlunin einnig ná til stórgripanna og vera á kostnað eigendanna að öllu leyti. Nægilegur aðskilnaður milli fjár og stórgripa vegna aðgerðar gegn fjárkláða telst að lágmarki vera léttur veggur 1,8-2,0 m að hæð, klæddur þolplasti, enda séu þrif fullnægjandi að mati yfirdýralæknis í báðum deildum og úðun með mauraeitri framkvæmd sérstaklega. Strax eftir að veggur hefur verið settur upp má meðhöndla féð, enda sé úðað með mauraeitri í báðum deildum einu sinni eftir síðari sprautun. Aðstaða skal vera tiltæk til skipta á skófatnaði og hlífðarfötum þegar farið er á milli deilda og hún notuð. Auk þess skal gæta fyllsta hreinlætis í báðum deildum í einn mánuð eftir aðskilnað. Hindra skal för hunda, katta og annarra húsdýra eftir því sem unnt er. Hafi fullnægjandi aðskilnaður að mati yfirdýralæknis verið í sama húsi í 30 daga eða lengur, þarf ekki að hafa aðstöðu til skó- og fataskipta.

Öll hús þar sem ofangreind dýr hafa komið í skal úða með mauraeitri á sama sólarhring og meðhöndlun fer fram í síðara skiptið. Fyrir úðun og áður en meðhöndlun hefst skal fjarlægja alla lausa muni og þeir hlutir sem hætta er á að komist í snertingu við féð úðaðir sérstaklega. Að auki skal tæma öll drykkjarílát fyrir úðun og skola að úðun lokinni. Hús sem aðeins eru notuð hluta ársins (á sauðburði, t.d. hlöður og hús eða skýli í óbyggðum við smalanir), skal grófhreinsa og úða með mauraeitri einu sinni áður en fé kemur í þau aftur.

Yfirdýralæknir getur ákveðið að heimilt sé að nota önnur kláðalyf og mauraeitur við sérstakar aðstæður.

3. gr.

Núverandi 5. gr. fær nýtt númer og verður 7. gr. Núverandi 6. gr. fær nýtt númer og verður 8. gr. Aðrar greinar sem á eftir fylgja fá ný númer í samræmi við það.

4. gr.

Gildistaka og brottfall.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Reglugerðin gildir til 1. apríl 2003. Þann dag fellur einnig úr gildi reglugerð um sama efni nr. 12/2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. janúar 2003.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 – 2003

Nr. 65

150

31. janúar 2003

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra,
nr. 155/1995, sbr. reglugerð nr. 308/2000 og nr. 67/2002.

1. gr.

Fjárhæðir sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:

Í 4. mgr. 11. gr. komi 9.500 kr. í stað 9.200 kr. (1. fl.), 7.300 kr. í stað 7.100 kr. (2. fl.),
5.500 kr. í stað 5.300 kr. (3. fl.).

Í 1. mgr. 12. gr. komi 580 kr. í stað 565 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stöð í lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 með
síðari breytingum öðlast gildi 3. febrúar 2003.

Félagsmálaráðuneytinu, 31. janúar 2003.

Páll Pétursson.

Porgerður Benediktsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 – 2003

28. janúar 2003

151

Nr. 66

GJALDSKRÁ

fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum með stoð í þeim, skal borgarstjórn Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, skal borgarstjórn innheimta gjald sem hér segir:

1. flokkur	kr. 15.250	6. flokkur	kr. 48.800
2. flokkur	kr. 18.300	7. flokkur	kr. 61.000
3. flokkur	kr. 27.450	8. flokkur	kr. 79.300
4. flokkur	kr. 30.500	Eftirfylgniferð	kr. 15.250
5. flokkur	kr. 36.600	Sýnataka	kr. 12.200

Tímagjald þjónustuverkefna kr. 6.100

Flokkun eftirlitsskyldrar starfsemi kemur fram á fylgiskjali I með gjaldskrá þessari.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er umhverfis- og heilbrigðisnefnd heimilt að fella niður allt að helming gjaldsins.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem umhverfis- og heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

Ef fyrirtæki, sem sætir mengunarvarnareftirliti og uppfyllir skilyrði 6. eða 7. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnareftirliti með því fyrirtæki skv. ákvæðum reglugerðarinnar.

3. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi, sbr. 2. gr., skal borgarstjórn innheimta gjald fyrir gerð starfsleyfis eins og hér segir:

Starfsemi, þar sem krafist er auglýsingar starfsleyfis skv. 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun kr. 19.347.

Önnur starfsleyfi kr. 15.220.

Þó skal innheimta af starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali II starfsleyfisgjald eins og hér segir:

I. flokkur	kr. 30.440
II. flokkur	kr. 66.980
III. flokkur	kr. 121.820

Við endurnýjun starfsleyfis eða við eigendaskipti greiðast kr. 9.150 sé um að ræða starfsemi skv. 2. mgr. en kr. 12.450 sé um að ræða starfsemi skv. 1. mgr. Hafi umtalsverðar breytingar orðið á rekstri eða húsnæði að mati Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, þá skal greiða gjald eins og um væri að ræða nýja starfsemi.

Fyrir leyfi til markaðs- og götusölu greiðist kr. 5.715 en heilbrigðisnefnd er þó heimilt að lækka eða fella það niður.

4. gr.

Vegna útgáfu starfsleyfa, sem ekki heyra undir ákvæði 3. gr. skal innheimt gjald samkvæmt reikningi. Sama á við ef kostnaður vegna útgáfu starfsleyfis skv. 3. gr. reynist vera meiri en gert var ráð fyrir í áætlun Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur.

Starfsleyfisgjald greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum eða skoðun skal greiða kr. 5.715 og fyrir eiturbeiðnir kr. 1.490.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um er að ræða öflokkaða eftirlitsskylda starfsemi eða aukin eftirlitsverkefni, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur, þá er heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari og fyrir þjónustuverkefni. Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur innheimtir gjald fyrir vottorð, eiturbeiðnir og leyfi til markaðs- og götusölu.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarráði Reykjavíkur, með heimild í 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 977/2001 fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

Reykjavík, 28. janúar 2003.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri.

Fylgiskjal I.

Gjaldaflokkar.

<i>Gjaldflokkur 1 Starfsemi</i>	85.12.21	Læknahús, rannsóknarstofur
80.42.2 Tónlistarskólar	85.31.1	Daggæsla í heimahúsum
85.12.2 Læknastofur	85.32.20	Leikskólar, dagvistun barna, litlir
85.14.1 Sjúkraþjálfun	85.32.21	Gæsluvellir
85.14.92 Fótaaðgerðarstofur	85.32.5	Safnaðarheimili
85.14.94 Kírópraktor	85.32.61	Einkasalir, félagsheimili
85.31.4 Heimili fyrir fatlaða	92.02.3	Húðflúrstofur
92.34.0 Dansskólar	92.02.4	Húðgötun
15.87.0 Krydd og bragðefnaframleiðsla, lítil	92.31.01	Leikhús
51.39.1 Heildverslun með matvæli, lítil	93.02.01	Hárgreiðslustofur
52.11.32 Matvöruverslanir án vinnslu, litlar	93.02.2	Snyrtistofur
52.11.4 Söluturnar	93.04.03	Sólbaðstofur
52.11.5 Söluturnar með samlokugerð	15.13.1	Kjötiðnaður, lítill
52.62.1 Sölubás	15.20.5	Harðfiskverkun
55.40.5 Kaffistofur	15.20.61	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs
Óflokkað Efnavörueftirlit, lítið	15.86.0	Te- og kaffiframleiðsla
85.13.0 Tannlæknar	15.31.0	Heildverslun með grænmeti, meðal
50.20.06 Bónstöðvar handvirkar	51.36.0	Heildverslun með sykurl. o.fl.
85.14.31 Röntgenstofur	51.39.2	Heildverslun með matvæli, meðal
74.81.02 Ljósmyndastofur	52.11.30	Matvöruverslanir án vinnslu, meðal
20.30.91 Trésmíðaverkstæði m/lökkun	52.11.6	Matsöluvagnar
	52.23.0	Fiskbúðir
<i>Gjaldflokkur 2 Starfsemi</i>	52.24.0	Smásala á brauði og kökum
24.52.01 Snyrtivöruframleiðsla	52.27.0	Sérverslun með matvörur
51.55 Heildverslun með efnavöru, lítið	52.62.0	Markaðir
52.48.7 Leikfangaverslanir	55.11.1	Hótel með litlum matsölustað
55.10.1 Gistiheimili	55.30.4	Brauðstofur
55.23.1 Heimagistingar	55.30.6	Matsölustaðir, veitingahús, lítil
85.11.44 Vistheimili	55.40.6	Veitingatorg

55.51.1	Mötuneyti, lítil	80.10.0	Grunnskólar, litlir
55.52.1	Sala á tilbúnum mat, lítil	85.32.20	Leikskólar, dagvistun barna, stórir
26.61.0	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	15.13.3	Kjötiðnaður, stór
63.21.02	Bið- og endastöðvar strætisvagna	15.51.0	Mjólkurbú
25.13.0	Gúmmisteypa	15.51.1	Ostagerð
15.20.61	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	15.82.0	Kex- og kökuframleiðsla
22.22.3	Prentstofur	15.89.3	Framleiðsla tilbúinna rétta, stór
74.81.01	Framköllunarstofur	15.98.1	Framleiðsla gosdrykkja, stór
93.01.01	Þvottahús	52.11.11	Stórmarkaðir, stórir
73.10	Rannsóknastofur	52.11.21	Matvöruverslanir með vinnslu, stórar
		55.11.3	Hótel með stórum matsölustað
		55.30.2	Skemmtistaðir með matsölu
<i>Gjaldflokkur 3 Starfsemi</i>		55.30.32	Skyndibitastaðir, stórir
50.50.01	Bensinstöðvar	55.30.8	Matsölustaðir, veitingahús, stór
52.31.0	Apótek	55.51.3	Mötuneyti, veir
52.33.01	Snyrtivöruverslanir	55.52.3	Sala á tilbúnum mat, stór
55.40.1	Krár litlar, lágmarks matargerð	90.00.03	Gámastöðvar
80.22.0	Sérskólar	90.00.04	Flutningur úrgangs
85.11.5	Áfengis meðferð	92.72.01	Skotvelli
85.12.1	Heilsugæslustöðvar	14.21.0	Malar- og sandnám
85.32.4	Félagsmiðstöðvar	15.13.2	Kjötiðnaður, stór
85.32.6	Félagsaðstaða fullorðinna	15.20.2	Saltfiskverkun
92.61.02	Litlir sundstaðir	15.20.41	Heitloftsþurrkun fiskafurða
92.62.03	Íþróttamannvirki	15.20.5	Harðfiskverkun
94.04.01	Líkamsræktarstöðvar	15.20.61	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs
15.13.2	Kjötiðnaður, miðlungs	15.20.71	Vinnsla mjöls úr sjávarafurðum
15.13.4	Kjötpökkunarstöð	15.20.9	Önnur ótalin fiskvinnsla
15.20.8	Lagmeti og framleiðsla sjávarrétta	15.42.01	Lifrabræðsla og lýsishreinsun
15.52.0	Ísgerð	15.51.0	Mjólkurbú
15.61.0	Framleiðsla á kornvöru	15.51.1	Ostagerð
15.81.1	Brauðverksmiðjur	15.52.0	Ísgerð
15.81.2	Bakarí	15.81.1	Brauðverksmiðjur
15.84.0	Súkkulaði- og sælgætisgerðir	15.82.0	Kex- og kökuframleiðsla
15.87.1	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	15.86.0	Te- og kaffiframleiðsla
15.89.1	Salatgerð	15.89.1	Salatgerð
15.89.2	Framleiðsla tilbúinna rétta, meðal	15.89.2	Framleiðsla tilbúinna rétta, miðlungs
15.98.0	Framleiðsla gosdrykkja, lítil	15.89.3	Framleiðsla tilbúinna rétta, stórir
51.31.1	Heildverslun með grænmeti, stór	15.98.0	Framleiðsla gosdrykkja og svipað, lítil
51.39.3	Heildverslun með matvæli, stór	15.98.1	Framleiðsla gosdrykkja og svipað, stór
52.11.10	Stórmarkaðir, miðlungs	22.22.2	Sáldprentun
52.11.20	Matvöruverslanir með vinnslu, meðal	22.25.01	Umfangsmikill prentiðnaður
52.11.31	Matvöruverslanir án vinnslu, stórar	24.11.0	Framleiðsla á iðnaðargasi
55.11.2	Hótel með miðlungs matsölustað	26.23.0	Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu
55.30.31	Skyndibitastaðir, miðlungs	28.52.01	Blikksmíði
55.30.7	Matsölustaðir, veitingahús, meðal	31.70.0	Rafvélaverkstæði
55.51.2	Mötuneyti, miðlungs	40.10.01	Spennistöðvar
55.52.2	Sala á tilbúnum mat, miðlungs	40.10.02	Spennaviðgerðir
63.12.0	Vörugeymslur, flutningamiðstöðvar	50.20.01	Bifreiða- og vélaverkstæði
50.20.08	Smurstöðvar	50.20.04	Bifreiðaréttingar
50.20.05	Bónstöðvar sjálfvirkar	50.30.1	Bilapartasölur
24.42.0	Lyfjagerð	51.57.03	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu
22.22.1	Óffset- og hæðarprentun	52.11.11	Stórmarkaðir, stórir
93.01.02	Efnalaugar	54.49.95	Þjónustuaðilar kælikerfa sem selja kælismiða
01.12.1	Plötuframleiðsla	63.21.01.	Vöruflutningamiðstöðvar
Óflokkað	Efnavörueftirlit, miðlungs	75.25.010	Svæði til slökkvi- og reykæfinga
<i>Gjaldflokkur 4 Starfsemi</i>		85.11.1	Deildaskipt sjúkrahús
55.12.0	Hótel	85.12.21	Læknahús, rannsóknarstofur
55.40.2	Krár stórar, lágmarks matargerð	15.71.0	Framleiðsla húsdýra- og fiskeldisföðurs
75.23.0	Fangelsi	35.30.00	Smíði og viðhald loftfara

<i>Gjaldflokkur 5 Starfsemi</i>	51.55	Heildverslun með efnavöru, meðal
22.21.0 Prentun dagblaða	51.57.01	Móttaka brotamálma
85.11.4 Dvalar- og hjúkrunarheimili	52.46.12	Litlar byggingavöruverslanir
92.13.0 Kvikmyndahús	80.30.0	Skólar á háskólastigi
55.48.8 Blómaverslun með B og C efni	52.46.13	Járvöruverslanir
52.49.92. Varahlutaverslanir, ekki í bóla	52.46.21	Málningarvöruverslanir
	92.61.01	Stórir sundstaðir
<i>Gjaldflokkur 6 Starfsemi</i>	52.49.93	Smásala efna í flokkum X, A og B
05.02.01 Seiðaelði	52.49.94	Sala annarra eiturefna
05.5.21 Landeldi	26.82.91	Malbikunarstöðvar
27.5.0 Málmosteypur	Óflokkað	Efnavöruaftirlit, mikið
41.00.0 Vatnsveitur		
35.11.0 Skipasmíði og skipaviðgerðir	<i>Gjaldflokkur 7 Starfsemi</i>	
24.30.01 Málningarverksmiðjur	50.30.01	Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru
35.30.00 Smíði og viðhald loftferðatækja	51.55	Heildverslun með efnavöru, mikið
50.20.0 Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun	52.11.11	Stórmarkaðir, stórir
50.20.03 Bifreiðasprautun	52.11.21	Matvöruverslanir með vinnslu, stórar
24.51.01 Hreinlætisvöruverksmiðjur	52.46.11	Stórar byggingavöruverslanir
50.20.07 Ryðvarnarverkstæði		
28.51.0 Meðferð og húðun málma	<i>Gjaldflokkur 8 Starfsemi</i>	
28.51.1 Sandblástur málma	01.23.0	Svínarækt
50.30.01 Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	01.24.0	Alifuglarækt
52.11.20 Matvöruverslanir með vinnslu, miðlungs	15.11.01	Svínasláturhús
80.10.0 Grunnskólar, stórir	15.20.72	Fiskimjölsvinnsla
52.11.30 Matvöruverslanir með vinnslu, meðal	63.23.01	Flugvellir
93.03.01 Líkbrennslur	90.00.01	Skólphreinsistöðvar
52.46.2 Málningar- og veggfóðurverslun	90.00.02.	Móttökustöð fyrir úrgang
80.21.0 Framhaldsskólar		
50.50.01 Bensínstöðvar		

Fylgiskjal II.

Starfsleyfisgerð.

<i>Starfsemi</i>	<i>Gjaldflokkur</i>	<i>Starfsleyfisgjald</i>
Smjörlikisgerð	I.	30.440
Framleiðsla gosdrykkja	I.	30.440
Gúmmí- og plastvöruframleiðsla	II.	66.980
Framleiðsla á plötum, rörum o.þ.h.	II.	66.980
Meðferð og húðun málma	II.	66.980
Spennaviðgerðir	III.	121.820
Rafmagnsveita	II.	66.980
Vatnsaflsstöðvar	III.	121.820
Hitaveitur	III.	121.820

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 447, 30. júní 1999, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

1. gr.

Í stað „Viðauka I“ við reglugerðina kemur nýr viðauki:

VIÐAUKI I Uppbygging skeyta.

Skeyti sem send eru á tölvulesanlegu formi (North Atlantic Format) eru byggð upp á eftirfarandi hátt:

Tvö skástrik (,/)“ og stafirnir „SR“ tákna upphaf skeytis

,/SR“ er notað sem merki fyrir tölvuna um að nú skuli hefja innlestur gagna.

Tvö skástrik (,/)“ og kóði tákna upphaf hvers atriðis

,/“ og tveggja stafa kóði fyrir atriði er ávallt sent á undan hverju atriði.

Eitt skástrik (,/)“ aðskilur kóða og upplýsingar

,/“ skal senda í beinu framhaldi af kóða fyrir atriði og upplýsingarnar beint þar á eftir. Athugið að aldrei er bil milli skástrika og kóða eða upplýsinga.

Þör af upplýsingum eru aðskilin með einu stafabili

Eitt stafabil er notað til aðgreiningar milli kóða þar sem upplýsingar eru sendar í þörum, eins og t.d. varðandi upplýsingar um afla, og magn viðkomandi fiskitegundar. Dæmi: //CA/RED 2500 HAD 1700 COD 3500//,(Kóði næsta atriðis)“. Athugið að ekkert bil á að vera á milli síðustu aflatölu og kóða næsta atriðis á eftir.

Tvö skástrik (,/)“ stafirnir „ER“ og tvö skástrik tákna lok skeytis

,/ER//“ er notað fyrir tölvuna sem merki um að nú skuli innlestri gagna ljúka.

Kóðar, aðrir en kóðar atriða, til notkunar í skeytasendingum á NEAFC-samningssvæðinu:

Atriði:	Kóði:
Viðtakandi: ISO-3166 einkenni	ISL
Tegundir skeyta: Komutilkynning Aflatilkynning Lokatilkynning Tilkynning um staðarákvörðun	ENT CAT EXI POS
Viðeigandi svæði: Veiðar á NEAFC-samningssvæðinu Veiðar í lögsögu Grænlands	NEA GRL
Deilissvæði: Skilgreint deilissvæði	UKS eða UKX
Fisktegundir / veiðarfæri / framleiðsla	Sjá kóða í afladagbók

Dæmi um skeyti:

Íslenska skipið ODDUR, kallmerki TFXX, skipaskrárnúmer 9999, umdæmisnúmer RE-999 heldur til veiða á NEAFC-svæðinu á Reykjanes hrygg. Þetta er fyrsta veiðiferð skipsins á NEAFC-svæðið á árinu. Skipið kemur inn á innra deilissvæðið (UKS). Við komu inn á svæðið eru um borð í skipinu 20 lestir af þorski og 30 lestir af ufsa. Skipið sendir komu-tilkynningu áður en farið er inn á svæðið (*sjá nánar í reglugerð ákvæði um tímatakmarkanir*) og er þá stadd á 62°08'N - 029°18'V.

Komutilkynning:

//SR//AD//ISL//SQ/1//TM//ENT//RA//UKS//ZO//NEA//RC//TFXX//TN/1//NA//ODDUR
//IR//ISL9999//XR//RE-999//LA//N6208//LO//W02918//OB//COD 20000 POK 30000
//DA//19990601//TI//0900//ER//

Um leið og skipið fer yfir lögsögumörkin við komu inn á svæðið á stað 62°00'N - 029°34'V sendir skipið tilkynningu um staðsetningu:

Tilkynning um staðsetningu:

//SR//AD//ISL//SQ/2//TM//POS//ST//NEA//RC//TFXX//LA//N6200//LO//W02934//
DA//19990601//TI//1500//ER//

Skipið stundar veiðar á UKS-svæðinu í 10 daga og hefur að kvöldi fyrsta sunnudags eftir að hafa verið 6 daga á svæðinu veitt 30 lestir af karfa og 10 lestir af löngu. Skipið er í sjálfvirkri eftirliti og þarf því ekki að senda staðsetningu með aflatilkynningu.

Aflatilkynning:

//SR//AD//ISL//SQ/3//TM//CAT//RA//UKS//ZO//NEA//RC//TFXX//TN/1
//CA//RED 30000 LIN 10000//DF/6//DA//19990607//TI//1000//ER//

Skipið heldur af svæðinu þann 10. júní 1999 og hefur þá veitt til viðbótar 25 lestir af karfa og fengið 1,7 lestir af blönduðum afla. Skipið sendir „Lokatilkynningu“ áður en farið er út af svæðinu (*sjá nánar í reglugerð ákvæði um tímatakmarkanir*) og mun landa í Reykjavík. Skipið er áfram í sjálfvirkri eftirliti og þarf því ekki að senda staðsetningu með lokatilkynningu.

Fari skipið út fyrir deilissvæði UKS og inn á deilissvæði UKX skal senda aflaskýrslu áður en komið er inn á deilissvæði UKX. Fari skipið inn í lögsögu Grænlands skal senda loka-tilkynningu og síðan komutilkynningu inn í lögsögu Grænlands á sama hátt og þegar farið er inn á samningssvæði NEAFC. Skipið þarf eftir sem áður að fylgja öllum kröfum Grænlandinga um tilkynningar.

Lokatilkynning:

//SR//AD//ISL//SQ/4//TM//EXI//RA//UKS//ZO//NEA//RC//TFXX//TN/1
//CA//RED 25000 MZZ 1700//DF/4//PO//REYKJAVIK//DA//19990610//TI//1000//ER//

Um leið og skipið fer yfir lögsögumörkin við brottför af svæðinu á stað 62°00'N - 029°35' þann 10. júní 1999 kl. 16.00 sendir skipið tilkynningu um staðsetningu:

Tilkynning um staðsetningu:

//SR//AD//ISL//SQ/5//TM//POS//RA//UKS//ZO//NEA//RC//TFXX//LA//N6200//LO//W02935
//DA//19990610//TI//1600//ER//

2. gr.

Í stað „Viðauka II“ kemur nýr viðauki:

VIÐAUKI II
Komu-, afla- og lokatilkynningar.

„KOMUTILKYNNING“

Atriði:	Kóði:	Tegund:	Mesta lengd:	Form:	Athugasemdir:
Upphaf skeytis	SR				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna upphaf skeytisins.
Viðtakandi	AD	Texti	3	ISO-3166	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Viðtakandi, „ISL“ fyrir Ísland.
Númer skeytis	SQ	Tala	6	1 - 999999	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Raðnúmer skeytisins vegna veiða á viðeigandi svæði á yfirstandandi ári.
Tegund skeytis	TM	Texti	3	Kóði	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tegund skeytis „ENT“ sem komutilkynning.
Viðeigandi svæði	ZO	Texti	3	Kóði	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Kóði fyrir það svæði sem verið er að fara inn á, „NEA“ fyrir NEAFC-samningssvæðið, „GRL“ fyrir fiskveiðilögsögu Grænlands.
Deilivæði	RA	Texti	6	Kóði	<i>Athafnaupplýsingar:</i> „UKS“ eða „UKX“
Kallmerki	RC	Texti	7	IRCS kóði	<i>Skráningarupplýsingar:</i> Radíókallmerki skipsins.
Númer veiðiferðar	TN	Tala	3	001 - 999	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Raðnúmer veiðiferðar á yfirstandandi ári.
Nafn skips	NA	Texti	30		<i>Skráningarupplýsingar:</i> Nafn skipsins.
Skipaskrárnúmer	IR	Texti Tala	3 9	ISO-3166 + númer	<i>Skráningarupplýsingar:</i> Einkennismarki ríkis (ISL 12345) og skipaskrárnúmer.
Umdæmisnúmer	XR	Texti	14		<i>Skráningarupplýsingar:</i> Umdæmisnúmer skipsins.
Lengd	LA	Texti	5	NDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Breidd	LO	Texti	6	E/WDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Afli um borð	OB	Texti	3	Tegundakóði FAO	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Sundurliðaður afli um borð
Tegund		Tala	7	0 - 9999999	(//OB/COD 2300 HAD 1700 RED 5500). Tegundakóði FAO.
Magn					Aflamagn upp úr sjó í kg, fært að næstu 100 kg.
Dagur	DA	Tala	8	ÁÁÁÁMMDD	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Dagsetning sendingar.
Tími	TI	Tala	4	KKMM	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tími sendingar.
Endir skeytis	ER				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna endi skeytisins.

„AFLATILKYNNING“

Atriði:	Kóði:	Tegund:	Mesta lengd:	Form:	Athugasemdir:
Upphaf skeytis	SR				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna upphaf skeytisins.
Viðtakandi	AD	Texti	3	ISO-3166	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Viðtakandi, „ ISL “ fyrir Ísland.
Númer skeytis	SQ	Tala	6	1 - 999999	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Raðnúmer skeytisins vegna veiða á veiðeigandi svæði á yfirstandandi ári.
Tegund skeytis	TM	Texti	3	Kóði	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tegund skeytis „ CAT “ sem aflatilkygning.
Veiðeigandi svæði	ZO	Texti	3	Kóði	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Kóði fyrir það svæði sem aflinn er fenginn, „ NEA “ fyrir NEAFC-samningssvæðið, „ GRL “ fyrir fiskveiðilögsögu Grænlands.
Deilislvæði	RA	Texti	6	Kóði	<i>Athafnaupplýsingar:</i> „ UKS “ eða „ UKX “
Kallmerki	RC	Texti	7	IRCS kóði	<i>Skráningarupplýsingar:</i> Radíókallmerki skipsins.
Númer veiðiferðar	TN	Tala	3	001 - 999	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Raðnúmer veiðiferðar á yfirstandandi ári.
Lengd ¹⁾	LA	Texti	5	NDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Breidd ¹⁾	LO	Texti	6	E/WDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Vikuafli	CA	Texti	3	Tegundakóði FAO	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Sundurliðaður afli síðustu viku eða frá síðasta skeyti. (//CA/COD 2300 HAD 1700 RED 5500).
Tegund		Tala	7	0 - 9999999	Tegundakóði FAO.
Magn					Aflamagn upp úr sjó í kg, fært að næstu 100 kg.
Veiðidagar	DF	Tala	3	1 - 365	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Fjöldi veiðidaga á samningssvæðinu frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkygningu.
Dagur	DA	Tala	8	ÁÁÁÁMMDD	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Dagsetning sendingar.
Tími	TI	Tala	4	KKMM	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tími sendingar.
Endir skeytis	ER				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna endi skeytisins.

1) Valfrjáls ef skipið er í sjálfvirku gervihnattaefirliti samkvæmt 5. gr.

„LOKATILKYNNING“

Atriði:	Kóði:	Tegund:	Mesta lengd:	Form:	Athugasemdir:
Upphaf skeytis	SR				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna upphaf skeytisins.
Viðtakandi	AD	Texti	3	ISO-3166	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Viðtakandi, „ ISL “ fyrir Ísland.
Númer skeytis	SQ	Tala	6	1 - 999999	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Raðnúmer skeytisins vegna veiða á viðeigandi svæði á yfirstandandi ári.
Tegund skeytis	TM	Texti	3	Kóði	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tegund skeytis „ EXI “ sem lokatilkygning.
Viðeigandi svæði	ZO	Texti	3	Kóði	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Kóði fyrir það svæði sem verið er að fara út af „ NEA “ fyrir NEAFC-samningssvæðið. „ GRL “ fyrir fiskveiðilögsögu Grænlands.
Deilisvæði	RA	Texti	6	Kóði	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Kóði fyrir það svæði sem verið er að fara út af „ UKS “ eða „ UKX “
Kallmerki	RC	Texti	7	IRCS kóði	<i>Skráningarupplýsingar:</i> Rádiókallmerki skipsins.
Númer veiðiferðar	TN	Tala	3	001 - 999	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Raðnúmer veiðiferðar á yfirstandandi ári.
Lengd ¹⁾	LA	Texti	5	NDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Breidd ¹⁾	LO	Texti	6	E/WDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Vikuafli	CA	Texti	3	Tegundakóði	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Sundurlíðaður afli síðustu viku eða frá síðasta skeyti.
Tegund		Tala	7	FAO 0 - 9999999	(//CA/COD 2300 HAD 1700 RED 5500) Tegundakóði FAO.
Magn					Aflamagn upp úr sjó í kg, fært að næstu 100 kg.
Veiðidagar	DF	Tala	3	1 - 365	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Fjöldi veiðidaga á samningssvæðinu frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkygningu.
Löndunarhöfn	PO	Texti	20		<i>Athafnaupplýsingar:</i> Höfn þar sem áætlað er að landa aflanum.
Dagur	DA	Tala	8	ÁÁÁÁMMDD	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Dagsetning sendingar.
Tími	TI	Tala	4	KKMM	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tími sendingar.
Endir skeytis	ER				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna endi skeytisins.

1) Valfrjálst ef skipið er í sjálfvirku gervihnattaeftirliti samkvæmt 5. gr.

„Tilkynning um staðsetningu“¹⁾

Atriði:	Kóði:	Tegund:	Mesta lengd:	Form:	Athugasemdir:
Upphaf skeytis	SR				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna upphaf skeytisins.
Viðtakandi	AD	Texti	3	ISO-3166	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Viðtakandi, „ ISL “ fyrir Ísland.
Númer skeytis	SQ	Tala	6	1 - 999999	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Raðnúmer skeytisins vegna veiða á viðeigandi svæði á yfirstandandi ári.
Tegund skeytis	TM	Texti	3	Kóði	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tegund skeytis „ POS “ sem tilkynning um staðsetningu.
Lengd	LA	Texti	5	NDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Breidd	LO	Texti	6	E/WDDMM (WGS-84)	<i>Athafnaupplýsingar:</i> Staðsetning skipsins þegar skeytið er sent.
Dagur	DA	Tala	8	ÁÁÁÁMMDD	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Dagsetning sendingar.
Tími	TI	Tala	4	KKMM	<i>Skeytaupplýsingar:</i> Tími sendingar.
Endir skeytis	ER				<i>Kerfisupplýsingar:</i> Gefa til kynna endi skeytisins.

1) Þetta skeyti skal senda við eftirfarandi aðstæður:

- Ef búnaður til sjálfvirkra stöðutilkynninga bilar.
- Um leið og skip fer yfir lögsögumörk við komu inn á svæðið eftir að hafa sent komutilkynningu.
- Um leið og skip fer yfir lögsögumörk við brottför af svæðinu eftir að hafa sent lokatilkynningu.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. febrúar 2003.

Árni M. Mathiesen.

Þórir Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Sléttugrunni.

1. gr.

Frá og með 7. febrúar 2003 eru allar veiðar með línu og fiskibotnvörpu óheimilar á Sléttugrunni, á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- 67° 07'N - 17° 24'V
- 67° 07'N - 17° 20'V

3. $66^{\circ} 51' N - 17^{\circ} 04' V$

4. $66^{\circ} 51' N - 17^{\circ} 20' V$

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. febrúar 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.

REGLUGERÐ

um veiðar úr úthafskarfastofnum 2003.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa úr úthafskarfastofnum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan þeirra svæða sem falla undir fiskveiðilögsögu samningsaðila og innan fiskveiðilandhelgi Grænlands, í samræmi við samning þjóðanna þess efnis. Ennfremur til úthafskarfaveiða fiskiskipa, sem leyfi hafa til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er þau stunda veiðar á úthafskarfa með flotvörpu utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. $65^{\circ}20' N - 29^{\circ}45' V$ (við miðlínu milli Íslands og Grænlands).

2. $63^{\circ}00' N - 26^{\circ}00' V$

3. $62^{\circ}00' N - 27^{\circ}00' V$

4. $60^{\circ}22' N - 24^{\circ}20' V$

Þá tekur reglugerðin til veiða á úthafskarfa sem veiddur er á svæði 1 F og reiknast aflinn til aflamarks viðkomandi skips sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar. Um þær veiðar gilda ákvæði reglugerðar nr. 36, 15. janúar 2003, um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO 2003.

Ráðherra er heimilt að breyta umræddu veiðisvæði sé talin ástæða til vegna samsetningar afla.

2. gr.

Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda flotvörpuveiðar á úthafskarfa skv. 1. gr. án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á úthafskarfa í flotvörpu, sem hafa aflamark í úthafskarfa, sbr. 3. og 4. gr.

Pá er skipum, sem fengið hafa heimild til veiða úr aflamarki annarra aðildarríkja NEAFC en Íslands, óheimilt að hefja veiðar skv. slíkri heimild fyrir en Fiskistofu hefur borist yfirlýsing frá viðkomandi aðildarríki NEAFC um slíkan rétt skipsins til veiða á úthafskarfa. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu ákvæði 5. - 10. gr. gilda um þessar veiðar.

3. gr.

Á árinu 2003 er þeim íslensku fiskiskipum, sem leyfi fá til veiða á úthafskarfa með flotvörpu, sbr. 2. gr. heimilt að veiða 45.000 lestir af úthafskarfa á „deilivæði“ innan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20'N - 29°45'V
2. 63°00'N - 26°00'V
3. 62°00'N - 27°00'V
4. 60°22'N - 24°20'V
5. 60°14'N - 30°00'V
6. 62°55'N - 34°00'V

Pá er þeim íslensku fiskiskipum sem leyfi fá til veiða á úthafskarfa með flotvörpu á árinu 2003, sbr. 2. gr. heimilt að veiða 10.000 lestir af úthafskarfa á „deilivæði“ utan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 60°22'N - 24°20'V
2. 60°14'N - 30°00'V
3. 62°55'N - 34°00'V
4. 65°20'N - 29°45'V

Heimilt er að veiða úthafskarfa sem fjallað er um í 1. mgr. 3. gr. á því svæði sem fjallað er um í 2. mgr. 3. gr.

Fiskistofa skal úthluta hverju skipi aflamarki í úthafskarfa á grundvelli aflahlutdeildar þess, annars vegar innan þess svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. og hins vegar innan þess svæðis sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. í þeim hlutföllum sem í 1. og 2. mgr. þessarar greinar segir.

4. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. l. nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, gilda ekki um aflamark sem úthlutað er í úthafskarfa samkvæmt þessari reglugerð.

5. gr.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á samningssvæðinu sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrir en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

6. gr.

Við úthafskarfaveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 2. málslíð 1. gr., og úthafskarfaveiðar í fiskveiðilögsögu Grænlands og eftir því sem við á á alþjóðlegu hafsvæði, skal senda eftirgreindar tilkynningar til Eftirlitsstöðvarinnar:

Komutilkynning: Skylt er skipstjóra að tilkynna til eftirlitsstöðvarinnar með ekki meira en 12 klukkustunda og að minnsta kosti 6 klukkustunda fyrirvara að það fari inn á veiðisvæðið sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. eða veiðisvæðið sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „ENT“ sem komutilkynning.
4. Kóði fyrir það deilissvæði sem fara á inn á: „UKS“ fyrir úthafskarfasvæðið skv. 1. mgr. 3. gr. eða UKX fyrir úthafskarfasvæði skv. 2. mgr. 3. gr.
5. Kóði fyrir það fiskveiðistjórnunarsvæði eða lögsögu sem verið er að fara inn á: „NEA“ fyrir samningssvæði NEAFC og svæði innan íslenskrar lögsögu skv. 1. mgr. 1. gr. eða „GRL“ fyrir lögsögu Grænlands.
6. Kallmerki skipsins.
7. Nafn skipsins.
8. Skipaskrárnúmer.
9. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum.
10. Áætlað heildaraflamagn um borð í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
11. Dagsetning og tími.

Aflatilkynning: Hvern mánudag skal tilkynna Eftirlitsstöðinni um heildarafla síðustu viku, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags, til loka síðasta sunnudags, miðað við afla upp úr sjó, sundurgreindan eftir tegundum. Hafi skip verið skemur en viku á veiðisvæðinu skal gefa upp afla frá því skipið hóf veiðar á svæðinu. Ennfremur skal senda aflatilkynningu áður en farið er milli svæða sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „CAT“ sem aflatilkynning.
4. Kóði fyrir það deilissvæði sem aflatilkynningin á við: „UKS“ fyrir úthafskarfasvæði skv. 1. mgr. 3. gr. UKX fyrir úthafskarfasvæði skv. 2. mgr. 3. gr.
5. Kóði fyrir það fiskveiðistjórnunarsvæði eða lögsögu sem aflinn er veiddur á: „NEA“ fyrir samningssvæði NEAFC og svæði innan íslenskrar lögsögu skv. 1. mgr. 1. gr. eða „GRL“ fyrir lögsögu Grænlands.
6. Kallmerki skipsins.
7. Vikuafla í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
8. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkynningu hafi hún verið send.
9. Dagsetning og tími.

Lokatilkynning: Þegar veiðiskip yfirgefur deilissvæðið sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. eða deilissvæðið sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. skal það tilkynnt eftirlitsstöðinni með ekki meira en 8 klukkustunda og að minnsta kosti 6 klukkustunda fyrirvara. Jafnframt skal í tilkynningu tilgreindur afl frá því að veiðar hófust, eða frá síðustu aflatilkynningu hafi hún verið send miðað við afla upp úr sjó, aðgreindan eftir tegundum og einnig löndunarhöfn. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „EXI“ sem lokatilkynning.

4. Kóði fyrir það deilissvæði sem lokatilkyningin á við: „UKS“ fyrir úthafskarfsvæði skv. 1. mgr. 3. gr. UKX fyrir úthafskarfsvæði skv. 2. mgr. 3. gr.
5. Kóði fyrir það fiskveiðistjórnunarsvæði eða lögsögu sem verið er að fara út af: „NEA“ fyrir samningssvæði NEAFC og svæði innan íslenskrar lögsögu skv. 1. mgr. 1. gr. eða „GRL“ fyrir lögsögu Grænlands.
6. Kallmerki skipsins.
7. Vikuaflamark í kg, fært að næstu 100 kg miðað við afla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum, sbr. 3. gr.
8. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða eða frá síðustu aflatilkyningu hafi hún verið send.
9. Löndunarhöfn (átætlaður tími og dagsetning þar).
10. Dagsetning og tími.

Ofangreindar tilkynningar skulu sendar með þeim hætti er lýst er í viðaukum I og II við reglugerð nr. 447/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), með síðari breytingum.

Um tilkynningar við úthafskarfaveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 447/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), með síðari breytingum.

7. gr.

Skylt er að halda úthafskarfa aðgreindum frá öðrum karfa um borð í veiðiskipi og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun.

Óheimilt er að nýta í sömu veiðiferð heimild til veiða skv. 2. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar og heimild til veiða skv. 3. mgr. 2. gr. hennar. Sé það gert eða ef afla er blandað saman sbr. 1. málslíð þessarar málsgreinar, skal aflinn reiknaður til aflamarks sem úthlutað er skv. 1. mgr. 3. gr.

Skylt er að halda aðgreindum úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. og úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun. Sé úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr. og úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. ekki haldið aðgreindum sbr. 1. málslíð þessarar málsgreinar skal aflinn reiknaður til aflamarks sem úthlutað er úr úthafskarfa sem veiðist innan svæðis sem skilgreint er í 1. mgr. 3. gr.

Er aflni reiknast til aflamarks skal miðað við 94% nýtingu sé úthafskarfa landað slægðum með haus, 55% nýtingu sé úthafskarfa landað hausskornum, 30% nýtingu sé honum landað flökuðum með roði og beinum, 27% nýtingu sé honum landað flökuðum, roðlausum með beinum.

Þegar úthafskarfi er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,54.

8. gr.

Skipstjóri skal, svo fljótt sem verða má eftir að veiðum lýkur og eigi síðar en 4 klukkustundum eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrslu um átætlaðan úthafskarfaafli í viðkomandi veiðiferð á því formi sem Fiskistofa ákveður. Í skýrslunni skal koma fram úthafskarfaafli skipsins miðað við afla upp úr sjó sundurliðaður eftir afla innan fiskveiðilandhelgi Íslands, afla á alþjóðlegu hafsvæði og afla innan fiskveiðilandhelgi Grænlands. Einnig skal koma fram hve mikill hluti aflans er fenginn á hvoru svæðinu skv. 1. og 2. mgr. 3. gr.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. febrúar 2003.

Árni M. Mathiesen.

Þórir Skarphéðinsson.

REGLUR

um breytingar á reglum fyrir Kennaraháskóla Íslands nr. 843/2001.

1. gr.

6. gr. *Stjórnsýsla Kennaraháskóla Íslands*, orðist svo:

Stjórnsýslu Kennaraháskóla Íslands er skipað á eftirtalin svið: Kennslusvið, rannsóknarsvið, rekstrarsvið og þjónustusvið.

Kennslusvið nær til málefna er lúta að kennslu sem tekur til grunnmenntunar, símenntunar og framhaldsmenntunar, inntöku nemenda og skráningu þeirra, prófahaldi, námsráðgjöf, vettvangsnámi og alþjóðamálum sem snerta nám og kennslu. Deildarforsetar grunn- og framhaldsdeildar eru framkvæmdastjórar kennslusviðs, sbr. 9. gr.

Rannsóknarsvið nær til málefna sem lúta að rannsóknum innan háskólans, rannsóknarsjóðum, mati á rannsóknarstarfsemi, alþjóðlegum rannsóknar- og þróunarverkefnum, þjónusturannsóknum, starfi Rannsóknarstofnunar skólans og miðstöðva tengdra ákveðnum verkefnum og fagsviðum. Framkvæmdastjóri rannsóknarsviðs er jafnframt forstöðumaður Rannsóknarstofnunar, sbr. 14. gr.

Rekstrarsvið nær til málefna er lúta að fjármálastjórn, fjárhagsáætlunum, reikningshaldi, rekstri og viðhaldi bygginga og almennum starfsmannamálum, þar með töldum launamálum. Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs er jafnframt fjármálastjóri skólans.

Þjónustusvið nær til málefna sem lúta að Menntasmiðju Kennaraháskólans, þ.e. þjónustu til stuðnings námi, kennslu og rannsóknum í Kennaraháskólanum, þ.m.t. tölvu- og kerfisþjónustu. Framkvæmdastjóri þjónustusviðs er jafnframt framkvæmdastjóri Menntasmiðju, sbr. 13. gr.

Rektor og háskólaráði er heimilt að fela framkvæmdastjóra rekstrarsviðs vald til að skuldbinda háskólann og stofnanir hans fjárhagslega. Hann hefur ásamt rektor og háskólaráði yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum. Hann hefur einnig umsjón með sjóðum hans.

Eigi sjaldnar en á fimm ára fresti skal háskólaráð láta fara fram úttekt á stjórnsýslu háskólans.

2. gr.

11. gr. *Fagráð*, orðist svo:

Kennurum á hverju fagsviði er heimilt að stofna fagráð fyrir sviðið. Til stofnunar fagráðs skal boðað með auglýsingu innan skólans að fengnu samþykki rektors. Fagráð kýs sér formann til eins almanakárs í senn. Fagráð skal halda fundargerðir og skulu þær birtar á vef skólans. Fagráð getur heimilað fulltrúum nemenda að taka þátt í störfum ráðsins að hluta til eða að öllu leyti.

Hlutverk fagráðs er að vera til ráðgjafar á viðkomandi fagsviði. Að öðru leyti eru megin viðfangsefni þessi:

1. Að vera ráðgefandi um framboð á námskeiðum á sínu fagsviði.

2. Móta tillögur um umbætur á kennslu á sínu sviði og þróun náms- og kennsluskrár í samráði við námsnefndir og deildarráð.
3. Efla rannsóknir á sínu sviði í samstarfi við rannsóknarsvið skólans og stuðla að samstarfi kennara um rannsóknarverkefni.
4. Veita ráðgjöf um innkaup og aðstöðu til kennslu á sviðinu.
5. Leggja fram hugmyndir um verkefni á sviði símenntunar.
6. Fjalla um mál sem beint er til fagráða af háskólaráði, rektor, kennslusviði, rannsóknarsviði, þjónustusviði, rekstrarsviði eða aðilum utan skólans.

3. gr.

13. grein, *Menntasmiðja Kennaraháskóla Íslands*, orðist svo:

Meginhlutverk Menntasmiðju Kennaraháskólans er að veita nemendum og starfsfólki þjónustu vegna náms, kennslu og rannsókna. Hún er jafnframt opin öðrum sem sérhæfð þjónustumiðstöð á sviði kennslu, uppeldis, umönnunar og þjálfunar.

Í Menntasmiðju er veittur aðgangur að heimildum, tækjakosti og hugbúnaði og höfð umsjón með tölvukerfi skólans. Þar er einnig veitt leiðsögn og aðstoð á sviði kennslutækni, gagnagerðar og upplýsinga- og samskiptatækni og við heimildaöflun.

4. gr.

14. grein, *Rannsóknarsvið*, orðist svo:

Háskólaráð skipar framkvæmdastjóra rannsóknarsviðs að fenginni tillögu rektors til fjögurra ára í senn. Framkvæmdastjóri skal vera dósent eða prófessor við Kennaraháskóla Íslands eða hafa dósent- eða prófessorshæfi að mati dómnefndar.

Stefnumörkun og fagleg stjórn rannsóknarsviðs er falin fimm manna vísindaráði sem skipað er til þriggja ára í senn. Skipunartími miðast við 1. janúar. Háskólaráð skipar fimm fulltrúa í vísindaráð, þar af einn formann, og þrjá varafulltrúa að fengnum tillögum rektors. Í vísindaráð skal skipa a.m.k. einn fulltrúa sem starfar utan Kennaraháskólans. Framkvæmdastjóri rannsóknarsviðs situr fundi vísindaráðs.

Vísindaráð markar stefnu rannsóknarsviðs um tilhögun og framkvæmd rannsókna og mótar starfshætti sviðsins. Vísindaráð mótar reglur fyrir rannsóknartengda sjóði sem heyrar undir rannsóknarsvið, s.s. rannsóknarsjóð, vinnumatssjóð og aðstoðarmannasjóð og hefur umsjón með úthlutun úr þeim. Háskólaráð staðfestir reglurnar.

Vísindaráð heldur fund með framkvæmdastjórum kennslusviðs og þjónustusviðs og formönnum fagsviða að minnsta kosti einu sinni á ári og gefur árlega út skýrslu um starfsemina og þau verkefni sem unnin eru á rannsóknarsviði.

Innan rannsóknarsviðs er heimilt að setja upp tímabundnar eða ótímabundnar rannsóknarmiðstöðvar eða rannsóknarstofur um ákveðin verkefni.

5. gr.

15. grein, *Rannsóknarstofnun*, orðist svo:

Hlutverk Rannsóknarstofnunar er að efla og annast rannsóknir og aðra nýsköpun þekkingar við Kennaraháskólann með það að markmiði að auka þekkingu á þeim fræðasviðum sem tengjast hlutverki Kennaraháskóla Íslands sem miðstöðvar kennara- og uppeldismenntunar á Íslandi.

Framkvæmdastjóri rannsóknarsviðs er jafnframt forstöðumaður Rannsóknarstofnunar skólans. Stjórn Rannsóknarstofnunar er falin vísindaráði.

Rannsóknarstofnun er heimilt að stunda þjónusturannsóknir. Með þjónusturannsóknum er átt við rannsóknir sem unnar eru fyrir eða í tengslum við aðila utan háskólans gegn endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá skólans hverju sinni.

Rannsóknarstofnun Kennaraháskólans skal vera starfsmönnum skólans til ráðuneytis og aðstoðar við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu vegna rannsóknar- og þróunarverkefna svo og við miðlun þekkingar sem tengist slíkum verkefnum. Þessi þjónusta skal eftir því sem aðstæður leyfa veitt uppeldisstéttum og nemendum skólans.

Heimilt er að ráða sérfræðinga, fræðimenn eða vísindamenn til starfa við Rannsóknarstofnun. Stofnunin getur einnig leitað til starfsfólks Kennaraháskólans um samstarf vegna tiltekinna verkefna sem unnin eru á vegum hennar. Kennarar skólans geta fullnægt rannsóknarskyldu sinni að nokkru eða öllu leyti með störfum í þágu Rannsóknarstofnunar.

Rannsóknarstofnun skal kynna niðurstöður rannsóknar- og þróunarstarfs við skólann, skipuleggja málstofur, fyrirlestra og ráðstefnur ýmist á eigin vegum eða í samvinnu við aðra. Rannsóknarstofnun er heimilt að standa fyrir útgáfu skýrslna um rannsóknir, bóka og tímarita.

Háskólaráð setur sérstakar starfsreglur um Rannsóknarstofnun sem menntamálaráðherra staðfestir. Í þeim reglum er m.a. fjallað um ráðstöfun tekna af þjónusturannsóknnum.

6. gr.

15. gr. *Lestrarmiðstöð*, fellur niður.

7. gr.

16. gr. (ný grein) *Íþróttافرæðasetur Kennaraháskóla Íslands*.

Íþróttافرæðasetur Kennaraháskóla Íslands er staðsett á Laugarvatni. Það hefur umsjón með kennslu og námi við skólann á sviði íþróttافرæða. Við Íþróttافرæðasetrið er einnig unnið að rannsóknnum og þróunarverkefnum. Forstöðumaður fer með daglega stjórnun Íþróttافرæðasetursins. Starfsemi setursins fellur undir þau stjórnslusvið Kennaraháskólans sem tiltekin eru í 6. gr.

8. gr.

Númer greina sem á eftir koma breytast í samræmi við það sem hér kemur fram.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli laga nr. 136/1997 um háskóla og laga nr. 137/1997 um Kennaraháskóla Íslands, voru samþykktar á fundi háskólaráðs Kennaraháskóla Íslands 12. nóvember 2002 og taka þegar gildi.

Kennaraháskóla Íslands, 24. janúar 2003.

Ólafur H. Jóhannsson,

varaforseti háskólaráðs Kennaraháskóla Íslands.

AUGLÝSING

um breyting á aðalnámskrá framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingu á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er kveðið á um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Brautarlýsing fyrir námsbraut í netagerð á bls. 102 orðist svo:

NETAGERÐ (NG9)

Samningsbundið iðnnám 48 ein.

Netagerð er löggilt iðngrein. Meðalnámstími í netagerð er þrjú ár, 3 annir í skóla og 88 vikna starfsþjálfun í fyrirtæki. Markmið námsins er að gera nemendum kleift að takast á við þau viðfangsefni sem netagerðarmenn fást við, þ.e. að sjá um hönnun, framleiðslu, viðhald og viðgerðir á veiðarfærum. Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í meistaraskóla.

Almennar greinar**12 einingar**

Enska	ENS 102	2 ein.
Íslenska	ÍSL 102	2 ein.
Stærðfræði	STÆ 102	2 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101, 111, 201	3 ein.

Sérgreinar**36 einingar**

Efnisfræði	ENG 102	2 ein.
Enska fyrir netagerð	ENS 211	1 ein.
Fagleg netagerð	FNG 103	3 ein.
Eðlisfræði	EÐL 103	3 ein.
Grunnteikning	GRT 103, 203	6 ein.
Haf- og fiskifræði	HAF 102	2 ein.
Iðnteikning	ITN 103, 205	8 ein.
Líkanagerð	LÍK 103	3 ein.
Lög og reglugerðir	LOR 101	1 ein.
Rafmagnsfræði	RAF 101	1 ein.
Stærðfræði	STÆ 122	2 ein.
Veiðar og veiðarfærafræði	VOV 103	3 ein.
Öryggis- og félagsmál	ÖRF 101	1 ein.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 24. janúar 2003.***Tómas Ingi Olrich.***Guðmundur Árnason.*

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurbæ árið 2003.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald, (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 2003, sem er innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir:

Sorphirðugjald kr. 12.000 á hverja íbúð.

B) Fyrirtæki:

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:
kr.

Flokkur a)	32.000
Flokkur b)	64.000
Flokkur c)	128.000
Flokkur d)	256.000
Flokkur e)	512.000

C) Frístundahús:

Sorphirðugjald kr. 2.400 á hús.

D) Lögbýli:

Sorphirðugjald kr. 16.000 á býli.

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt í bæjarráði 16. janúar 2003 og staðfest á fundi bæjarstjórnar 21. janúar 2003, er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurbæjar með tilvísun til heimildar í samþykkt um sorphirðu í Húsavíkurkaupstað nr. 363 frá 29. september 1992 og gildir fyrir árið 2003.

Húsavík, 15. janúar 2003.

Vigfús Sigurðsson deildartæknifræðingur.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Ölfusi árið 2003.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Sveitarfélaginu Ölfusi, sbr. b-lið 2. gr. samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Ölfusi, skal vera kr. 7.350 á árinu 2003.

Gjaldið greiðist á gjalddaga, 1. maí en eindagi er 31. maí.

2. gr.

Handsömunargjald skv. b-lið 2. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 4.500 ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða frá fyrri handsömun.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald í Ölfusi nr. 772/1999 og gildir fyrir árið 2003.

Bæjarstjórnin í Ölfusi, 24. janúar 2003.

Ólafur Ragnarsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Vatnsendi. Milli vatns og vegar. Vatnsendablettir 206, 716 og 719. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 5. desember 2002 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi á svæðinu Milli vatns og vegar í landi Vatnsenda. Nánar tiltekið varðar breytingin Vatnsendabletti 206, 716 og 719. Í tillögunni felst að leigulandið að Vatnsendabletti 206 er stækkað til norðurs. Nyrst á leigulandinu er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir einbýlishús með aðkomu frá Sveinsstaðavegi. Afmörkun lóða að Vatnsendabletti 716 og 719 breytist.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 23. janúar 2003.

Skipulagsstjóri Kópavogs,

Birgir H. Sigurðsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Íbúðarsvæði sunnan Reynilundar.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 3. desember 2002 samþykkt deiliskipulag íbúðarreits sunnan Reynilundar. Skipulagið gerir ráð fyrir 5 einbýlishúsum, 2 parhúsum og 24 íbúðum í fjölbýlishúsum.

Skipulagsuppdráttur og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breytt deiliskipulag svifbrautar í Hlíðarfjalli.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 9. október 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir svifbraut í Hlíðarfjalli. Breytingin felst í fjölgun bílastæða við Skíðastaði.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi. Að öðru leyti gildir áfram deiliskipulag sem samþykkt var í bæjarstjórn Akureyrar 6. mars 2001.

Akureyri, 28. janúar 2003.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 5/2003 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur lögaðila vegna álagningar opinberra gjalda 2002.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna álagningar opinberra gjalda á lögaðila er lauk 31. október 2002.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur þessar eigi síðar en 2. apríl 2003. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Reykjavík, 21. janúar 2003.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.

REGLUGERÐ

um innheimtu jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2003.

1. gr.

Jöfnunargjald vegna alþjónustu skal greitt á tíu gjalddögum á árinu 2003. Gjalddagar eru fyrsti dagur hvers mánaðar nema í janúar og í þeim mánuði sem álagningu þinggjalda lýkur samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Eindagi er einum mánuði síðar. Við skiptingu fyrirframgreiðslu og eftirstöðvar álagningar skal við það miðað að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð jöfnunargjalds vegna alþjónustu að viðbættum öðrum þinggjöldum en kr. 2.000. á hverjum gjalddaga.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á eindaga.

2. gr.

Par til álagning ársins 2003 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan á hverjum gjalddaga skal nema 10% af jöfnunargjaldi vegna alþjónustu, sbr. 1. gr., er greiða bar á árinu 2002.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækun á þeirri fjárhæð jöfnunargjalds vegna alþjónustu sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 2003 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækun greiðsluskyldunnar. Heimilt er að kæra úrskurð skattstjóra til ríkisskattstjóra. Er úrskurður hans endanleg úrlausn málsins á stjórnýslustigi.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema skattstofn hafi lækkað svo mjög milli árána 2001 og 2002 að hann sé meira en 25% lægri en hann var á tekjuárinu 2001. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda eins fljótt og unnt er. Ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2003 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 15. gr. laga nr. 107/1999, um fjarskipti, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 23. janúar 2003.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Ragnheiður Snorradóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Álftártungu, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðhöndlun samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af skipulagsstofnun samkvæmt ofangreindum lögum.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 24. janúar 2003.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður Páll Harðarson.

GJALDSKRÁ

fyrir losun á seyru úr rotþróum í Húsavíkurbæ.

1. gr.

Árlegt gjald vegna losunar á seyru skal vera eftirfarandi:

- a) Rotþró allt að 1800 lítra kr. 3.517.
- b) Rotþró allt að 3500 lítra kr. 4.400.
- c) Rotþró allt að 6000 lítra kr. 5.830.
- d) Rotþró allt að 9000 lítra kr. 6.090.

Þar sem fleiri en eitt hús eru um hverja rotþró skal skipta gjaldinu jafnt á milli þeirra.

2. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá samanber samþykkt bæjarráðs frá 16. janúar 2003 og staðfestingu bæjarstjórnar 21. janúar 2003 er sett skv. samþykkt um notkun og hreinsun rotþróa í Reykja-hreppi nr. 924/2000. Samþykktin gildir fyrir sameinað sveitarfélag, Húsavíkurbæ og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 15. janúar 2003.

Vígfús Sigurðsson deildartæknifræðingur.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bessastaðahreppi.

Breiðamýri og norðanvert Sviðholt.

Hreppsráð Bessastaðahrepps samþykkti þann 6. febrúar 2003 breytingu á deiliskipulagi við Breiðumýri og á norðanverðu Sviðholti í Bessastaðahreppi.

Breytingin nær til götunnar Birkiholt við Breiðumýri. Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir 68 íbúðum í rað- og fjölbýlishúsum í stað 60 í gildandi deiliskipulagi. Einnig breytast byggingarreitir og færast til.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 6. febrúar 2003.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi fyrir árið 2003.

1. gr.

Bæjarstjórn Ölfuss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum, samanber samþykkt um sorphirðu í Ölfusi dagsett 27. janúar 2000.

2. gr.

Sorphirðugjaldið er innheimt árlega sem hér segir:

- a) Íbúðarhús, hver pokaening (einn poki vikulega eða tveir pokar hálfsmánaðarlega) kr. 10.065. Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna viðbótar pokaeningu kr. 6.709.
- b) Atvinnuhúsnæði, pokaening kr. 13.844 fyrir hvern poka.
- c) Öll fyrirtæki lögaðila og annarra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja á sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald, samkvæmt eftirfarandi:

	<i>Sorpeyðingargjald kr.</i>	<i>Sorphreinsunargjald kr.</i>
1. flokkur	9.650	38.587
2. flokkur	19.304	77.170
3. flokkur	38.603	154.350
4. flokkur	77.206	308.700
5. flokkur	154.402	617.390
6. flokkur	231.609	926.084

Bæjarstjórn raðar aðilum í gjaldflokka eftir áætluðu magni úrgangs. Heimilt er að fella sorphreinsunargjald niður hafi aðilar samning um sorphreinsun við flutningsaðila sem Sveitarfélagið Ölfus samþykkir, enda hafi viðkomandi flutningsaðili útbúnað er hæfir verkinu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss er hér með staðfest samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að gilda fyrir árið 2003.

Bæjarstjórnin í Ölfusi, 24. janúar 2003.

Ólafur Ragnarsson.



